

**Efnasamsetning, rennsli og aurburður
straumvatna á Austurlandi.
II. Gagnagrunnur
Raunvísindastofnunar og Orkustofnunar**

Sigurður Reynir Gíslason¹, Árni Snorrason²,
Eydís Salome Eiríksdóttir¹, Sverrir Óskar Elefsen²,
Ásgeir Gunnarsson², Einar Örn Hreinsson²,
Peter Torssander³ og Níels Örn Óskarsson⁴



RH-05-2001
Raunvísindastofnun Háskólans
Maí 2001

¹Raunvísindastofnun Háskólans, Dunhaga 3, 107 Reykjavík.

²Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík.

³Department of Geology and Geochemistry, Stockholm University,
S-106 91 Stockholm, Sweden

⁴Norræna Eldfjallastöðin, Grensásvegi 50, 108 Reykjavík



HOLLUSTUVERND
RÍKISINS


Landsvirkjun



 **Vatnamælingar**
ORKUSTOFNUNAR

EFNISYFIRLIT

<i>EFNISYFIRLIT</i>	2
<i>INNGANGUR</i>	4
Tilgangur	4
Fyrri efna-, rennslis- og aurburðarrannsóknir íslenskra straumvatna.....	4
Rannsóknin 1998–2000	7
<i>AÐFERÐIR</i>	7
Rennsli og sýnataka	7
Meðhöndlun sýna	8
Efnagreiningar og meðhöndlun sýna á rannsóknarstofu að lokinni söfnun	10
Reikningar á efnaframburði	13
<i>NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA</i>	14
Sýnataka og efnamælingar	14
Hleðslujafnvægi og hlutfallsleg skekkja í mælingum	16
Framburður straumvatna á Austurlandi	16
<i>SAMANTEKT</i>	17
<i>ÞAKKARORÐ</i>	23
<i>HEIMILDIR</i>	24

TÖFLUR OG „TÖFLUMYNDIR“

<i>TÖFLUR</i>	31
Tafla 1. Meðalefnasamsetning straumvatna á Austurlandi	32
Tafla 2. Framburður straumvatna á Austurlandi.....	33
Tafla 3. Niðurstöður mælinga og efnagreininga aðalefna í tímaröð söfnunar.....	34
Tafla 4. Efnagreiningar snefilefna í tímaröð söfnunar	37
6. mynd. Rennsli Jökulsár á Fjöllum og rennsli þegar sýni voru tekin úr ánni, árið 1999 ..	40
Tafla 5a. Efnasamsetning, rennsli og aurburður Jökulsár á Fjöllum við Grímsstaði 1998–1999	41
7. mynd. Rennsli Jökulsár á Fjöllum og rennsli þegar sýni voru tekin úr ánni, árið 2000 ..	42
Tafla 5b. Efnasamsetning, rennsli og aurburður Jökulsár á Fjöllum við Grímsstaði 1999–2000	43
8. mynd. Rennsli Jökulsár á Dal við Hjarðarhaga og rennsli þegar sýni voru tekin úr ánni, árið 1999.....	44
Tafla 6a. Efnasamsetning, rennsli og aurburður Jökulsár á Dal við Hjarðarhaga 1998–1999	45

9. mynd. Rennsli Jökulsár á Dal við Hjarðarhaga og rennsli þegar sýni voru tekin úr ánni, árið 2000.....	46
Tafla 6b. Efnasamsetning, rennsli og aurburður Jökulsár á Dal við Hjarðarhaga 1999–2000.....	47
10. mynd. Rennsli Jökulsár í Fljótsdal við og rennsli þegar sýni voru tekin úr ánni, árið 1999.....	48
Tafla 7a. Efnasamsetning, rennsli og aurburður Jökulsár í Fljótsdal við Hól 1998–1999 ..	49
11. mynd. Rennsli Jökulsár í Fljótsdal við og rennsli þegar sýni voru tekin úr ánni, árið 2000.....	50
Tafla 7b. Efnasamsetning, rennsli og aurburður Jökulsár í Fljótsdal við Hól 1999–2000 ..	51
12. mynd. Rennsli Fellsár við Sturluflöt og rennsli þegar sýni voru tekin úr ánni, árið 1999	52
Tafla 8a. Efnasamsetning, rennsli og aurburður Fellsár við Sturluflöt 1998–1999	53
13. mynd. Rennsli Fellsár við Sturluflöt og rennsli þegar sýni voru tekin úr ánni, árið 2000	54
Tafla 8b. Efnasamsetning, rennsli og aurburður Fellsár við Sturluflöt 1999–2000	55
14. mynd. Rennsli Grímsár við brú og rennsli þegar sýni voru tekin úr ánni, árið 1999	56
Tafla 9a. Efnasamsetning, rennsli og aurburður Grímsár við brú 1998–1999.....	57
15. mynd. Rennsli Grímsár við brú og rennsli þegar sýni voru tekin úr ánni, árið 2000	58
Tafla 9b. Efnasamsetning, rennsli og aurburður Grímsár við brú 1999–2000.....	59
16. mynd. Rennsli Lagarfljóts við Lagarfoss og rennsli þegar sýni voru tekin úr ánni, árið 1999	60
Tafla 10a. Efnasamsetning, rennsli og aurburður Lagarfljóts við Lagarfoss 1998–1999	61
17. mynd. Rennsli Lagarfljóts við Lagarfoss og rennsli þegar sýni voru tekin úr ánni, árið 2000	62
Tafla 10b. Efnasamsetning, rennsli og aurburður Lagarfljóts við Lagarfoss 1999–2000	63
18. mynd. Rennsli Fjarðarár ofan stíflu og rennsli þegar sýni voru tekin úr ánni, árið 1999	64
Tafla 11a. Efnasamsetning, rennsli og aurburður Fjarðarár ofan stíflu 1998–1999	65
19. mynd. Rennsli Fjarðarár ofan stíflu og rennsli þegar sýni voru tekin úr ánni, árið 2000	66
Tafla 11b. Efnasamsetning, rennsli og aurburður Fjarðarár ofan stíflu 1999–2000	67
Tafla 12. Næmi efnagreininga og hlutfallsleg skekkja	68
Tafla 13. Magn aurburðar sem safnað var til efna og steindagreininga	69
Tafla 14. Efnasamsetning aurburðar í Jökulsá á Fjöllum, Jökulsá á Dal, Jökulsá í Fljótsdal og Lagarfljóti, í tímaröð söfnunar.....	71
Tafla 15. Efnasamsetning aurburðar flokkað eftir vatnsföllum	73
Tafla 16. Yfirborðsflatarmál aurburðar í völdum ám á Austurlandi	75

1997 var rannsókuð í Jökulsá í Fljótsdal við Hól, Bessastaðaá og í grónum mýrarskurði neðan við Skriðuklaustur í Fljótsdal (Sigurður R. Gíslason 1997).

Síðastliðin ár hefur mikið bæst við af gögnum um efnasamsetningu straumvatna utan Austurlands. Viðamikil rannsókn var gerð á straumvötnum á Suður- og Vesturlandi á árunum 1970 til 1974 (Halldór Ármannsson 1970, 1971; Halldór Ármannsson o.fl. 1973; Sigurjón Rist 1974, 1986). Í rannsókninni, sem fór fram á Suðurlandi 1972 og 1973 (Halldór Ármannsson o.fl. 1973; Sigurjón Rist 1974), voru sýni til efnarannsókna tekin mánaðarlega og rennsli og aurburður mæld samtímis sýnatöku. Uppleyst aðalefni, pH, leiðni, næringarsölt og gerlar voru mæld í öllum sýnunum. Þessi gagnagrunnur ásamt fjölda annarra gagna m.a. um efnasamsetningu úrkomu og berggrunns var túlkaður af Sigurði R. Gíslasyni o.fl. (1996). Verulega bættist við af gögnum um efnasamsetningu uppleystra aðalefna, næringarefna og snefilefna í úrkomu, sigvatni, lindavatni og straumvatni á árunum 1997 til 2000 (Sigurður R. Gíslason o.fl. 1997a, 1998a, c, e, f og g, 1999 og 2000; Davíð Egilsson o.fl. 1999; Eydís S. Eiríksdóttir 1999; Sigurður R. Gíslason, 1997b, 2000; Stefán Arnórsson o.fl. 1999).

Nokkur gögn eru til um snefilefni í vötnum á Suðurlandi (Jón Ólafsson 1992; Sigurður R. Gíslason o.fl. 1992; Stefán Arnórsson og Auður Andrésdóttir 1995; Ingibjörg E. Björnsdóttir 1996; Sigurður R. Gíslason o.fl. 1996; Louvat, 1997).

Samsætur ýmissa efna í straumvatni á Suðurlandi hafa verið mældar af Braga Árnasyni (1976), Torssander (1986), Sigurði R. Gíslasyni o.fl. (1992), Stefáni Arnórssyni o.fl. (1993) og Árnýju E. Sveinbjörnsdóttur ofl. (1998). Áhrifum Heklugosa á efnasamsetningu úrkomu, árvatns og grunnvatns hefur verið lýst af Guðmundi Kjartanssyni (1957), Níelsi Óskarssyni (1980) og Sigurði R. Gíslasyni o.fl. (1992). Áhrif jökulhlaupa á efnasamsetningu straumvatna, aðallega Skeiðarár, hafa verið rannsókuð allt frá 1954 (Sigurjón Rist 1955; Orkustofnun, óbirt gögn; Guðmundur Sigvaldason 1965; Sigurður Steinþórsson og Níels Óskarsson 1983; Helgi Björnsson og Hrefna Kristmannsdóttir 1984; Haukur Tómasson o.fl. 1985; Bjarni Kristinsson o.fl. 1986; Svanur Pálsson o.fl. 1992; Anna M. Ágústsdóttir og Susan Brantley 1994; Sigurður R. Gíslason 1997c og 1998h).

Styrkur ýmissa efna í íslenskri úrkomu hefur verið kannaður allt frá árinu 1958 við Rjúpnahæð við Reykjavík, Vegatungu á Suðurlandi, Írafoss í Sogi, í Reykjavík, á Stórhöfða í Vestmannaeyjum, Langjökli og Vatnajökli (Veðráttan, 1958 til 1980; Jóhanna M. Thorlacius 1997; Sigurður R. Gíslason 1990, 1997b; Davíð Egilsson ofl. 1999; Sigurður R. Gíslason ofl. 2000).

Efnasamsetningu úrkomu, straumvatns og grunnvatns á vatnasviði ána á Suðurlandi hefur verið lýst, hún túlkuð og borin saman við meðalefnasamsetningu ómengaðra straumvatna á meginlöndunum í fjölda rannsókna (Ario 1985; Sigurður R. Gíslason 1989, 1990, 1993; Sigurður R. Gíslason og Stefán Arnórsson 1988, 1990, 1993; Meybeck 1979, 1982; Martin og Meybeck, 1979; Martin og Withfield, 1983). Framburður uppleystra efna með Þjórsá og áhrif blöndunar straumvatnsins við sjó voru rannsókuð af Sólveigu R. Ólafsdóttur og Jóni Ólafssyni

(1999). Geysilega viðamikil gögn eru til um aurburð íslenskra straumvatna og um heildarmagn uppleystra efna í ánum (t.d. Svanur Pálsson og Guðmundur H. Vigfússon 1996).

Rannsóknin 1998–2000

Þann 18. nóvember 1998 hófu Raunvísindastofnun og Orkustofnun efnavöktun straumvatna á Austurlandi. Sýni voru tekin á eftirfarandi stöðum (1. mynd): Jökulsá á Fjöllum við Grímsstaði, Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga, Jökulsá í Fljótsdal við Hól, Fellsá við Sturluflöt, Grímsá við brú, Lagarfljót við Lagarfoss og Fjarðará í Seyðisfirði ofan virkjunar. Sýni til rannsókna á uppleystum efnum og aurburði hafa síðan verið tekin úr ánum, 10 sýni á ári og lýkur rannsókninni í nóvember 2001. Þessari rannsókn svipar til rannsóknarinnar sem gerð var á árunum 1996–1998 á Suðurlandi (Sigurður R. Gíslason o.fl. 1997a, 1998f; Davíð Egilsson o.fl. 1999; Eydís S. Eiríksdóttir 1999) en nú bætast við víðtækar rannsóknir á aurburði straumvatnanna.

Eftirfarandi þættir voru alltaf mældir í núverandi rannsókn: Rennsli, lífrænn (POC og PON) og ólífrænn aurburður, hitastig, pH, leiðni, basavirkni („alkalinity“), uppleyst lífrænt kolefni (DOC) og uppleystu efnin; (aðalefnin) Na, K, Ca, Mg, Si, Cl, SO₄, (næringarefnin) NO₃, NO₂, NH₄, PO₄, N_{tot}, P_{tot}, (snefilefnin) F, Al, Fe, Mn, Sr, Ti, (þungmálmarnir) As, Ba, Cd, Co, Cr, Cu, Hg, Mo, Ni, Pb, og Zn. Styrkur snefilefnisins B var mældur frá og með desember 1998. Samsætur brennisteins voru alltaf mældar og trídium og stöðugar samsætur vetnis og súrefnis í vatni verða mældar seinna í völdum sýnum. Í flestum ólífrænu aurburðarsýnanna voru eftirfarandi efni mæld; (aðalefnin) Si, Ti, Al, Fe, Mn, Ca, Mg, Na, K, P, (snefilefnin) Ba, Co, Cr, Cu, Ni, Sc, Sr, V, Y, Zn, og Zr. Yfirborðsflatarmál valdra aurburðarsýna var mælt og enn fremur voru valin aurburðarsýni greind til bergflokka.

AÐFERÐIR

Hér verður aðferðum við sýnatöku og efnagreiningar lýst ítarlega. Þetta er gert til þess að auðvelda mat á gæðum niðurstaðna.

Rennsli og sýnataka

Sýni til aurburðar og efnarannsókna voru tekin nærri síritandi vatnshæðarmælum Vatnamælinga Orkustofnunar. Gengið var úr skugga um að mælir mældi vatnshæð þegar sýni voru tekin. Vensl vatnshæðar og rennslis á hverjum stað, svokallaður rennslislykill, var síðar nýttur til þess að reikna rennslið. Vensl vatnshæðar og rennslis voru könnuð reglulega af Vatnamælingum Orkustofnunar með beinum mælingum á rennsli. Sýni til efnarannsókna voru tekin af brú úr meginál ána með plastfötu og hellt í 10 l brúsa. Áður höfðu fatan og brúsinn verið þvegin vandlega með árvatninu. Hitastig árvatnsins var mælt með „thermistor“-mæli og var hitaneminn látin síga ofan af brú niður í meginál ána. Sýni til aurburðarrannsókna voru tekin með sérstökum sýnataka úr meginál ána þannig að sýnið endurspeglaði aurburð frá

yfirborði til botns í ánni. Aurburðarsýnið sem notað var til mælinga á lífrænum aurburði (POC) var safnað með sama hætti og fyrir ólífrænan aurburð. Það var ávallt tekið eftir að búið var að taka sýni fyrir ólífrænan aurburð. Sýninu var safnað í sýrupvegna aurburðarflöskur sem höfðu verið þvegna í 4 klst. í 1 N HCl sýru fyrir sýnatöku. Flöskurnar voru merktar að utan, en ekki með pappírsmarki inni í flöskuhálsinum eins og tíðkast fyrir ólífrænan aurburð. Sýni ætluð til rannsókna á efnasamsetningu, steindasamsetningu og yfirborðsrannsókna aurburðar Jökulsár á Fjöllum, Jökulsár á Dal og Jökulsár í Fljótsdal voru tekin með sérstökum 15 l plastsýnataka (2. og 3. mynd). Sýnatakinn flaut rétt undir yfirborði við sýnatöku, hann var látinn fljóta í nokkrar mínútur þannig að hann skolaðist vel, en staumvatnið sogast í gegnum sýnatakann vegna sogs sem myndast er vatn streymir með hliðum hans (Snorri Zophoníasson 1999, hönnun sýnatakans, munnl. upplýsingar). Þá var sýnatakinn dreginn upp og hann tæmdur í tvær 30 l plastfötur (2. og 3. mynd). Þær voru þvegna tvisvar með árvatninu og loks fylltar. Sýni úr Lagarfljóti var tekið af bakka um 20 m ofan við stíflu. Þar var notast við 5 l plastfötur sem hent var út í strauminn. Þessi 30 l sýni voru send með Landflutningum til Reykjavíkur að lokinni söfnun. Fyrir kom að ekki var hægt að taka sýni af brúm Jökulsár á Dal og Jökulsár í Fljótsdal vegna íss á ánum en þá var tekið af bakka, eins nálægt brúnni og hægt var. Úr Jökulsá á Dal var tekið um kílómetra ofan við brú en úr Jökulsá í Fljótsdal var tekið um kílómeter neðan við brúna, á móts við vatnshæðarmælinn við Hól. Í eitt skiptið, veturinn 1999, kom fyrir að Jökulsá á Fjöllum var ísilögð undir brúnni og var þá tekið um 300 m ofan við brúna og var þá vaðið út í meginál árinna svo engin hætta yrði á mengun vegna linda sem renna í ána við bakkana.

Meðhöndlun sýna

Sýni til rannsókna á uppleystum efnum voru meðhöndluð strax á sýnatökustað. Vatnið var síað í gegnum sellulósa asetát-síu með $0,2 \mu\text{m}$ porustærð. Þvermál síu var 142 mm og Sartorius® („in line pressure filter holder, SM16540“) síuhaldari úr tefloni notaður (4. mynd). Sýninu var þrýst í gegnum síuna með peristaltik-dælu. Slöngur voru úr sílikoni. Síur, síuhaldari og slöngur voru þvegna með því að dæla a.m.k. einum lítra af árvatni í gegnum síubúnaðinn og lofti var hleypt af síuhaldara með þar til gerðum loftventli. Áður en sýninu var safnað voru sýnaflöskurnar þvegna þrisvar sinnum hver með síuðu árvatni.

Fyrst var vatn sem ætlað var til mælinga á reikulum efnum: pH, leiðni og basavirkni, síað í tvær dökkan glerflöskur, önnur 275 ml og hin 60 ml. Síðan var síað í 1 l „high density polyethelín“ flösku til mælinga á stöðugum samsætum brennisteins og aðra hálf lítra „high density pólýethelín“ flösku til mælinga á tritium, og stöðugum samsætum vetnis og súrefnis. Því næst var vatn síað í tvær 190 ml „low density pólýethelín“ flöskur. Sú fyrsta var ætluð til mælinga á styrk anjóna, önnur fyrir aðalefna- og snefilefnagreiningu á Raunvísindastofnun. Í seinni flöskuna var bætt einum millilítra af fullsterkri hreinsaðri saltþétursýru í lok söfnunar á hverjum stað. Þá var safnað í 100 ml „high density pólýethelín“ sýrupvegna flösku til



2. mynd. Gruggsýnatakinn dreginn upp til brúar. Gatið sem hellt er úr í sýnafötur er opið svo vatn rennur úr takanum.



3. mynd. Hellt úr gruggsýnataka í 30 l sýnafötu.

snefilefnagreininga. Þessi flaska var sýrupvegin í Luleå, af rannsóknaraðilanum SGAB sem annaðist snefilefnagreiningarnar og sumar aðalefnagreiningar. Út í þessa flösku var bætt einum millilítra af fullsterkri hreinsaðri saltpéturssýru í lok söfnunar á hverjum stað. Þá var síuðu árvatni safnað á fjórar sýrupvegna 20 ml „high density pólýethelýn“ flöskur. Flöskurnar voru þvegnar með 1 N HCl og stóð sýrulausnin í flöskunum í a.m.k. 4 klst., en þær tæmdar rétt fyrir leiðangur og skolaðar með afjónuðu vatni. Ein flaska var ætluð fyrir hverja mælingu eftirfarandi næringarsalta: NO₃, NO₂, NH₄, PO₄. Vatn ætlað til mælinga á heildarmagni lífrænu og ólífrænu uppleystu næringarefnanna N og P var síað í sýrupvegna 100 ml flösku. Þessi sýni voru geymd í kæli söfnunardaginn en fryst í lok hvers dags. Aurburðarflöskurnar sem settar voru í aurburðartakann fyrir söfnun á POC voru þvegnar í 4 klukkustundir í 1 N HCl sýru áður en farið var í söfnunarleiðangur. Sýni til mælinga á DOC var síað eins og önnur vatnssýni en í lok síunar á hverjum sýnatökustað. Það var síað í 30 ml sýrupvegna „low density pólýethelýn“ flösku. Þessi sýni voru sýrð með 0,4 ml af 1,2 N HCl og geymd í kæli þar til þau voru send til Svíþjóðar þar sem þau voru greind. Allar flöskur og sprautur sem komu í snertingu við sýnin fyrir POC, PON og DOC voru þvegnar í 4 klukkustundir í 1 N HCl sýru og síurnar sem POC var síað í gegnum voru „brenndar“ við 450°C í 4 klst.

Efnagreiningar og meðhöndlun sýna á rannsóknarstofu að lokinni söfnun

Efnagreiningar voru gerðar á Raunvísindastofnun, Orkustofnun, Norrænu eldfjallastöðinni, Svensk Grundämnesanalys AB í Luleå í Svíþjóð og við Stokkhólmsháskóla. Niðurstöður mælinga sem búið er að framkvæma eru sýndar í Töflu 1, 3 til 11, og Töflu 14 og 15. Reiknaður framburður vatnsfallanna samkvæmt jöfnu 1 er sýndur í Töflu 2. Næmi og samkvæmni mælinga eru gefin í Töflu 12 og magn aurburðar sem safnað var til efna og steindagreininga er gefið í Töflu 13.

Uppleyst efni. Basavirkni („alkalinity“), pH og leiðni voru mæld með títrator, rafskauti og leiðnimæli á Raunvísindastofnun að loknum sýnatökuleiðangri. Aðalefni og snefilefni voru mæld af SGAB í Svíþjóð með ICP-AES, ICP-MS (Mass Spectrometry with Inductively Coupled Plasma), og atóm-ljómun; AF (Atomic Fluorescence). Notaðar voru tvær tegundir massagreina með plasmanu, svokallað ICP-QMS, þar sem „quadrupole“ er notaður til að nema massa efnanna, og hins vegar ICP-SMS þar sem „a combination of a magnetic and an electrostatic sector“ er notað til skilja að massa efnanna. Þegar styrkur efnanna var lítil var notast við ICP-SMS. Kalí (K) var greint með ICP-AES, en styrkur þess var yfirleitt undir næmi aðferðarinnar og verða þessi sýni mæld síðar með ljósgleypnimælingu (AA) á Orkustofnun (Tafla 12). Næringarsöltin NO₃, NO₂, NH₄ og PO₄, heildarmagn af uppleystu lífrænu og ólífrænu nitri og fosfór, N_{tot} og P_{tot} voru greind með sjálfvirkum litrófsmæli Raunvísindastofnunar („autoanalyzer“). Sýni til næringarsaltagreininga voru tekin úr frysti og látin standa við stofuhita nóttina fyrir efnagreiningu þannig að þau bráðnuðu að fullu. Sýni til

mælinga á P_{tot} og N_{tot} voru geisluð í kísilstautum í fjórar klukkustundir í orkuríku útfjólubláu ljósi Hafrannsóknastofnunar. Fyrir geislun voru settir 0,02 ml af fullsterku vetnisperoxíði í 20 millilítra af sýni. Þessi sýni voru greind innan tveggja daga eftir geislun. Flúor, klór og sulfat voru mæld með jónaskilju sem staðsett er á Orkustofnun. Sýni til greininga á lífrænum aurburði (POC og PON) var sent með hraðpósti til Luleå í Svíþjóð strax og búið var að sía þau í gegnum glersíur eins og lýst verður hér á eftir. Sýni til brennisteinssamsætumælinga voru látin seytle í gegnum jónaskiptasúlu með sterku anjóna jónaskiptaresini. Sýnaflöskur voru vigtaðar fyrir og eftir jónaskipti til þess að hægt væri að leggja mat á heildarmagn brennisteins í jónaskiptaefni. Þegar allt sýnið hafði seytleð í gegn eftir rúmlega 3 tíma og loft komið í jónaskiptasúlurnar var þeim lokað og þær sendar til Stokkhólms til samsætumælinga. Loft var látið komast inn í súlurnar til þess að tryggja að nægt súrefni væri í þeim til að allur brennisteinn héldist á formi sulfats (SO_4). Sýni til mælinga á trítíum og stöðugum samsætum vetnis og súrefnis voru send til Stokkhólms háskóla og Gautaborgarháskóla án frekari meðhöndlunar.


Aurburður. Magn aurburðar og heildarmagn uppleystra efna ($\text{TDS}_{\text{mælt}}$) var mælt á Orkustofnun samkvæmt staðlaðri aðferð (Svanur Pálsson og Guðmundur Vigfússon 2000).

Sýni til mælinga á lífrænum aurburði (POC, Particle Organic Carbon og PON Particle Organic nitrogen) sem tekin voru í sýrupvegju aurburðarflöskurnar voru síuð í gengnum þar til gerðar glersíur með $0,7 \mu\text{m}$ porustærð. Glersíurnar og álpappír sem notaður var til þess að geyma síurnar í voru „brennd“ við $450 \text{ }^\circ\text{C}$ í 4 klukkustundir fyrir síun. Síuhaldarar og vatnssprautur sem notaðar voru við síunina voru þvegnar í 4 klukkustundir í 1 N HCl. Allt vatn og aurburður sem var í aurburðarflöskunum var síað í gegnum glersíurnar og magn vatns mælt með því að vigta flöskurnar fyrir og eftir síun. Síurnar voru þurrkaðar í álumslögum við um $50 \text{ }^\circ\text{C}$ í einn sólarhring áður en þær voru sendar til Svíþjóðar til efnagreininga.

Stóru aurburðarsýnin (60 l) sem ætluð eru til efnagreininga, steindagreininga og yfirborðsrannsókna voru síuð með svokallaðri „tangential filtration“ tækni (5. mynd). Við síunina óx styrkur gruggs smátt og smátt í sýnafötunni því síað vatn var numið brott og því hent. Búnaðurinn var frá Sartorius®. Síuhaldarinn var svokallaður „Sarticon Slice“ síuhaldari úr ryðfríu stáli. Hydrosart®-síuhylki með $0,2 \mu\text{m}$ porustærð var komið fyrir í síuhaldaranum og rær hertar með sérstöku átaksjárnri. Þá var forsíu, Micro-Klean®III glass cellulose komið fyrir til þess að koma í veg fyrir að korn stærri en $25 \mu\text{m}$ kæmst í Hydrosart® síuhylkið. Þá voru slöngur tengdar Sartorius® SM 16634 380 V dælu. Dæluhausinn var úr ryðfríu stáli. Í upphafi síunnar var allur búnaðurinn skolaður úr köldu vatni í a.m.k. 30 mínútur og þá úr afjónuðu vatni í 15–20 mínútur. Tryggja varð að gott rennsli væri úr báðum frárennslisleiðslum, þ.e. hringdæluleiðslu (Retentate) og leiðslunni með síaða vatninu (Permeate) til þess að losa allt etanól sem var í síuhylkinu og loft úr öllum búnaðinum; síum, síuhöldurum, slöngum og dælu. Síuhylkin voru geymd í 20 % etanóli milli sýna. Hvert síuhylki endist til síunar á 4 til 6 60 l sýnum.



4. mynd. Vatnið síað í gegnum sellulósa asetat síu með “Sartorius” síuhaldara.



5. mynd. Stóru aurburðarsýnin voru síuð með svokallaðri “tangental filtration”. Búnaðurinn var frá Sartorius®. Síuhaldarinn var svokallaður “Sarticon Slice” síuhaldari úr ryðfríu stáli. Forsía, Micro-Klean®III glass cellulose var komið fyrir í rásinni áður en vatnið fór í “Sarticon Slice” síuhaldarann til þess að koma í veg fyrir að korn stærri en 25 μm kæmst í Hydrostart® síuhylkið.

Flæðið í gegnum búnaðinn var um 1 lítri á mínútu (5. mynd). Þrýstingurinn á síuhylikið var um 2 bör en þrýstingurinn á vatninu sem var hringdælt var minni en 0,5 bör. Enginn yfirþrýstingur var á síaða vatninu sem var hent. Þá voru sogslangan og hringdæluslangan skolaðar að utan með afjónuðu vatni og settar ofan í 30 l sýnafötuna en slöngunni fyrir síaða vatnið komið fyrir í næsta vaski. Dælt var upp úr sýnafötunni þar til vatnið var næstum búið (u.þ.b. 3–4 lítrar eftir) og báðar slöngurnar þá settar í seinni sýnatökufötuna. Afgangurinn úr báðum fötunum var svo sameinaður og haldið áfram að dæla. Þegar rétt rúmlega botnfylli var eftir var gruggvatninu hellt í 1 lítra plastbikarglas og dælt upp úr því á sama hátt og áður þar til u.þ.b. 500–1000 ml voru eftir af sýninu. Sýninu var þá hellt í nokkur 250 ml skilvinduglös, jafn miklu í hvert þeirra.

Því næst var sýnið sett í skilvindu í 10 mínútur við 15°C og snúningshraða 10.000 snúninga á mínútu (RPM). Þá var sýnið tekið varlega úr skilvindunni og vatninu hellt af. Þess var gætt að hella varlega af svo setið gruggaðist ekki upp. Loks var sýnið frostþurrkað í um sólarhring við - 40 °C og 3 PSI þrýsting og það því næst sett í lítið hreint glerlát.

Aurburðarsýnin voru efnagreind eftir þurrkun og mölun. Greiningaraðferðin byggir á upplausn sýnisins í líþíum-metaborat flúxi við 1000 gráður C, en líþíumglerið sem myndast er síðan leyst upp í blöndu af saltpéturs-, salt-, og oxalsýru. Mælingin er gerð á ICP-AES (AtomScan 25) tæki Raunvísindastofnunar og kvörðuð við alþjóðlega bergstaðla, sem leystir eru upp á sama hátt.

Yfirborðsflatarmál valinna aurburðarsýna var greint með svokallaðri BET–aðferð við Pennsylvania State University í Bandaríkjunum.

Reikningar á efnaframburði

Árlegur framburður straumvatna, F , er reiknaður með eftirfarandi jöfnu eins og ráðlagt er í viðauka 2 við Óslóar- og Parísarsamþykktina (Oslo and Paris Commissions, 1995: Implementation of the Joint Assessment and Monitoring Programme, Appendix 2, Principles of the Comprehensive Study on Riverine Inputs, bls. 22-27):

$$F = \frac{Q_r \sum_{i=1}^n (C_i Q_i)}{\sum_{i=1}^n Q_i} \quad (1).$$

Þar sem:

- C_i er styrkur aurburðar eða uppleystra efna fyrir sýnið i (mg/kg).
- Q_i er rennsli straumvatns þegar sýnið i var tekið (m^3/sek).
- Q_r er meðalrennslið fyrir söfnunartímabilið 1996–2000 (m^3/sek).
- n er fjöldi sýna sem safnað var á tímabilinu.

NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA

Hér verður gerð nákvæm grein fyrir niðurstöðum mælinga og lagt mat á gæði þeirra.

Sýnataka og efnamælingar

Niðurstöður mælinga sem búið er að framkvæma eru sýndar í Töflu 1, 3 til 11, og Töflu 14, 15 og 16. Reiknaður framburður vatnsfallanna samkvæmt jöfnu 1 er sýndur í Töflu 2. Næmi og samkvæmni mælinga eru gefin í Töflu 12 og magn aurburðar sem safnað var til efna og steindagreininga er gefið í Töflu 13.

Meðaltal mælinga fyrir vatnsföllin er sýnt í Töflu 1, einnig er heimsmeðaltal fyrir ómenguð straumvötn gefið til samanburðar (Meybeck 1979, 1982; Martin og Meybeck, 1979; Martin og Withfield, 1983). Reiknaður framburður vatnsfallanna samkvæmt jöfnu 1 er sýndur í Töflu 2. Byrjað er á þessum tveimur töflum til þess að lesandinn fái strax tilfinningu fyrir mismun vatnsfallanna.

Í Töflum 3 og 4 eru niðurstöður mælinga og efnagreininga sýndar í tímaröð, þetta er gagnlegt til þess að átta sig á hugsanlegum mismun milli leiðanga og hugsanlegum mistökum í sýnatöku. Þá eru niðurstöður allra mælinga fyrir einstök vatnsföll sýndar í Töflum 5 til 11 þar sem árstíðarsveiflan í efnasamsetningu einstakra vatnsfalla er dregin fram. Á undan hverri töflu er mynd af rennslisferli árinna á rannsóknartímabilinu og rennslid, þegar sýni voru tekin, er merkt sérstaklega á myndunum (myndir 6 til 12). Niðurstöður efnagreininga aurburðar eru sýndar í tímaröð í Töflu 14 og fyrir einstök vatnsföll í Töflu 15. Loks eru niðurstöður á flatarmálgreiningu aurburðarins sýndar í töflu 16.

Leiðni og pH vatns eru hitastigsháð, þess vegna er getið um hitastig vatnsins þegar leiðni og pH voru mæld á rannsóknarstofu. Styrkur uppleystra aðalefna er gefinn í milligrömmum í lítra vatns (mg/l), styrkur snefilefna sem míkrogrömm í lítra vatns ($\mu\text{g/l}$) og nanógrömmum í lítra vatns (ng/l). Basavirkni, skammstöfuð Alk. („Alkalinity,“) í Töflu 1, 3, 5–11, er gefin upp sem „milliequivalent“ í lítra vatns. Heildarmagn uppleysts ólífræns kolefnis er gefið sem milligrömm CO_2 í hverjum lítra vatns í Töflu 1 og er reiknað samkvæmt eftirfarandi jöfnu út frá mælingum á pH, hitastigi sem pH-mælingin var gerð við, basavirkni, og styrk kísils.

$$CO_2 = 44010 \frac{\left[[Alk] - \frac{K_w}{[H^+]} - \frac{Si_T}{\left[\frac{[H^+]}{K_{Si}} + 1 \right]} + [H^+] \right]}{\left[\left[\frac{[H^+]}{K_1} \right] + 1 + \left[\frac{K_2}{[H^+]} \right] + 2 \left[\frac{[H^+]^2}{K_1 K_2} + \frac{[H^+]}{K_2} + 1 \right] \right]^{-1}} \quad (2)$$

K_1 er hitastigsháður kleyfnistuðull kolsýru (Plummer og Busenberg 1982), K_2 er hitastigsháður kleyfnistuðull bíkarbonats (Plummer og Busenberg 1982), K_{Si} er hitastigsháður kleyfnistuðull kísilsýru (Stefán Arnórsson o.fl. 1982), K_w er hitastigsháður kleyfnistuðull vatns (Sweeton o.fl. 1974) og Si_T er mældur styrkur Si (Tafla 1). Allar styrktölur eru í mólum á lítra nema „alkalinity“ sem er í equivalentum á lítra.

Heildarmagn uppleystra efna ($TDS_{mælt}$: „total dissolved solids“) er samanlagður styrkur uppleystra aðalefna í milligrömmum í lítra vatns (mg/l) reiknaður á eftirfarandi hátt:

$$TDS_{mælt} = Na + K + Ca + Mg + SiO_2 + Cl + SO_4 + CO_3 \quad (3).$$

Heildarmagn uppleysts ólífræns kolefnis sem gefið er í milligrömmum CO_2 í hverjum lítra vatns í Töflu 1 er umreiknað í karbonat (CO_3) í jöfnu 3. Ástæðan fyrir þessu er að þegar heildarmagn uppleystra efna er mælt með því að láta ákveðið magn sýnis gufa upp breytist uppleyst ólífrænt kolefni að mestu í karbonat áður en það fellur út sem kalsít ($CaCO_3$) og loks sem tróna ($Na_2CO_3NaHCO_3$). Áður en að útfellingu trónu kemur tapast yfirleitt töluvert af CO_2 úr vatninu til andrúmslofts (Eugster 1970; Jones o.fl. 1977 og Hardy og Eugster 1970). Vegna þess að CO_2 tapast til andrúmslofts er $TDS_{mælt}$ yfirleitt alltaf minna en TDS_{reikn} í efnagreiningartöflunum. Meðalstyrkur aurburðar í árvatninu er gefinn í milligrömmum í lítra (mg/l). Styrkur nitursambanda er gefinn í míkrogrömmum af nitri (N) í lítra og á sama hátt er styrkur fosfórsambanda gefinn sem styrkur fosfórs (P) í míkrogrömmum í lítra.

Næmi efnagreiningaraðferða er sýnd í Töflu 12. Þegar styrkur efna mældist minni en næmi efnagreiningaraðferðarinnar er hann skráður sem minni en (<) næmið sem sýnt er í Töflu 12. Þessar tölur eru teknar með í meðaltalsreikninga, en meðaltalið er þá gefið upp sem minna en (<) tölugildi meðaltalsins.

Öll sýni eru tvímæld á Raunvísindastofnun. Meðalsamkvæmni milli mælinga er gefin í Töflu 12 sem hlutfallsleg skekkja milli mælinganna. Hún er breytileg milli mælinga og eftir styrk efnanna. Hún er hlutfallslega meiri fyrir lágan efnastyrk en háan. Styrkur næringarsalta er oft við greiningarmörk efnagreiningaraðferðanna. Af þessum sökum er skekkja mjög breytileg eftir styrk efnanna. Næmi og skekkja fyrir heildarmagn lífræns og ólífræns fosfórs og niturs, P_{tot} og N_{tot} , er lakari en fyrir aðrar næringasaltagreiningar (Tafla 12). Þetta stafar af meðhöndlun sýna og geislun í útfjólubláu ljósi fyrir efnagreiningu.

Hleðslujafnvægi og hlutfallsleg skekkja í mælingum

Hægt er að leggja mat á gæði mælinga á aðalefnum eða hvort mælingar vanti á aðalefnum eða ráðandi efnasamböndum með því að skoða hleðslujafnvægi í lausn. Ef öll höfuðefni og ríkjandi efnasambönd eru greind og styrkur þeirra er réttur, er styrkur neikvætt hlaðinna efnasambanda og jákvætt hlaðinna efnasambanda jafn. Hleðslujafnvægið er reiknað með eftirfarandi jöfnu:

$$\text{Hleðslujafnv.} = \text{Katjónir} - \text{Anjónir} = \text{Na} + \text{K} + 2 \text{Ca} + 2 \text{Mg} - \text{Alk} - \text{Cl} - 2 \text{SO}_4 - \text{F} \quad (4),$$

og mismunur sem hlutfallsleg skekkja:

$$\text{Mism.}\% = \frac{\text{Hleðslujafnv.}}{\left(\frac{(\text{Katjónir} + \text{Anjónir})}{2} \right)} 100 \quad (5).$$

Niðurstöður þessara reikninga eru sýndar í Töflu 3. Mismunurinn er að meðaltali 5,7 % og staðalfrávik 4,1 og verður að teljast gott þar sem skekkja milli mælinga er oftast yfir 3%.

Framburður straumvatna á Austurlandi

Framburður straumvatnanna er reiknaður með jöfnu 1 og er sýndur í Töflu 2. Þar sem styrkur uppleystra efna hefur í einhverju tilfelli eða tilfellum mælst minni en næmi aðferðarinnar er meðalframburður á rannsóknartímabilinu gefinn upp sem minni en (<) meðaltalið reiknað samkvæmt jöfnu 1. Aurburður og uppleyst efni eru reiknuð á sama hátt. Framburðurinn er til kominn vegna salta sem berast með loftstraumum og úrkomu á land,

vegna efnahvarfararfs, vegna rotnunar lífrænna leifa í jarðvegi og vötnum og vegna mengunar. Á þessu stigi er engin tilraun gerð til þess að greina framburðinn til uppruna.

SAMANTEKT

Þessi skýrsla er áfangaskýrsla, fyrst og fremst ætluð til þess að gera grein fyrir aðferðum og niðurstöðum mælinga sem gerðar voru á rannsóknartímabilinu, frá nóvember 1998 til nóvember 2000

Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga var kaldasta straumvatnið þegar safnað var, meðalhitastigið var 1,6 °C þrátt fyrir að lofthiti hafi þá verið hlutfallslega hár á söfnunarstað (Tafla 1). Þá komu eftir vaxandi hita Jökulsá í Fljótsdal, við Hól, Fellsá við Sturluflöt, Fjarðará, Grímsá við brú, Jökulsá á Fjöllum og Lagarfljót við Lagarfoss er „heitasta“ straumvatnið. Það er greinilegt að „jarðhiti“ hafði áhrif á hitastig Jökulsár á Fjöllum við Grímsstaði því lofthiti var þar lægstur þegar safnað var (Tafla 1).

Gildi pH og basavirkni (alkalinity) var hæst í Jökulsá á Fjöllum, pH 7,86 og 0,90 milliequivalent/kg en lægst í Fjarðará, pH 7,22 og 0,18 milliequivalent/kg (Tafla 1). Þessi pH-gildi endurspeglu efnaskipti vatns og bergs þar sem aðgangur hefur verið að koltvíoxíði andrúmsloftsins á meðan eða eftir að efnaskiptin áttu sér stað. Basavirknin er beinn mælikvarði á efnaskipti vatns og bergs óháð efnasamsetningu úrkomunnar. Því meiri basavirkni, því meiri efnaskipti. Efnaskiptin voru því mest í Jökulsá á Fjöllum en minnst í Fjarðará.

Leiðni og heildarmagn uppleystra efna (TDS, reiknað mg/kg) var mest í Jökulsá á Fjöllum, þá Jökulsá í Fljótsdal og Jökulsá á Dal. Uppleyst efni voru í minnstum styrk í dragánum, Fjarðará og Fellsá. Leiðni er ódýr og fljótleg mæling og segir til um styrk hlaðinna jóna og efnasambanda í vatnslausn. Oft er góð fylgni á milli leiðni og heildarmagns uppleystra efna, TDS. Öfugt við basavirknina er leiðni og TDS háð efnasamsetningu úrkomu á vatnasviðum ána; því nær sjó, og því minni hæð yfir sjávarmáli, því meiri er selta úrkomunnar. Af aðalefnum sem ekki hafa áhrif á leiðni er kísill, Si, í mestum styrk en hann er óhlaðinn í upplausn þegar pH-gildi vatns er lægra en 9. Kísillinn er allur upprunnin úr bergi og jarðvegi því styrkur kísils í úrkomu er lítill. Uppleyst ólífrænt kolefni, sýnt sem CO₂ í töflunum, hefur áhrif á leiðni, en mismunandi eftir pH-gildi vatnsins. Við ákveðinn styrk uppleysts ólífræns kolefnis eru áhrif þess á leiðni lítill við lágt pH, lægra en 5, þ.e. þegar mestur hluti kolefnis er á formi óklofinnar kolsýru, H₂CO₃. Við ákveðinn heildarstyrk vaxa áhrifin frá pH 5 til 7 þar til allt kolefnið er á formi bíkarbonats, HCO₃⁻. Þau eru síðar stöðug upp fyrir pH 9, en þá vaxa þau aftur því hluti karbonats, CO₃²⁻, í heildarmagni uppleysts ólífræns kolefnis vex með hækkandi pH. Nær allt uppleyst kolefni er á formi karbonats þegar pH-gildið er hærra en 11.

Styrkur kísils var mestur í Jökulsá á Fjöllum en minnstur í Fjarðará. Styrkur kísils, svipað og basavirkni (alkalinity), segir til um efnaskipti vatns og bergs því nær enginn kísill er í úrkomu. Styrkur hans getur þó verið háður berggerðinni á vatnasviðinu og kísilþörungar

geta numið kísil úr straumvatni og þó sérstaklega úr stöðuvötnum eins og Leginum. Meðalstyrkur kísils var minni í Lagarfljóti við Lagarfoss en styrkur kísils í þeim straumvötnum sem renna í Löginn, Jökulsá, Fellsá og Grímsá, og styrkur kísils er minnstur yfir sumarmánuðina í Leginum, alveg eins og næringarsaltið NO_3 (Tafla 10). Það er því töluvert kísilnám kísilþörungna í Leginum.

Styrkur katjónanna Na, K, Ca og Mg var breytilegur eftir vatnsföllum þar sem uppruna þeirra er að leita í bergi og úrkomu. Styrkur þeirra er oftast mestur í Jökulsá á Fjöllum. Það er áhugavert hve styrkur Ca og Mg er mikill í Jökulsá í Fljótsdal.

Styrkur brennisteins var mældur með tvennum hætti, með ICP-AES og jónaskilju. ICP-AES mælir heildarstyrk brennisteins en jónaskiljan mælir algengsta efnasamband brennisteins í köldu súrefnisríku vatni. Í Töflum 1 til 11 er styrkur beggja mælinga sýndur sem mg/kg SO_4 . Báðum mælingum ber vel saman en ICP-AES mælingin er yfirleitt aðeins hærri (Tafla 1), sem gefur til kynna að önnur efnasambönd en SO_4 séu í litlum en mælanlegum styrk í vatninu. Styrkur brennisteins, eins og svo margra annarra efna, var mestur í Jökulsá á Fjöllum, þá Jökulsá í Fljótsdal og Grímsá. Uppruna brennisteins í straumvatni er að leita í úrkomu, bergi og í manngerðu umhverfi. Brennisteinn í úrkomu á Íslandi rekur uppruna sinn til sjávar og hnattrænnar mengunar, sem er til komin að mestu vegna bruna lífrænna orkugjafa. Styrkur brennisteins í straumvötnum, sem renna af súru bergi, er oft meiri en þeirra sem renna af basísku bergi (Andri Stefánsson og Sigurður R. Gíslason 2000). Þetta getur skýrt hlutfallslega háan styrk brennisteins í Jökulsá í Fljótsdal og í Grímsá. Hlutföll stöðugu brennisteinssamssætnanna ^{32}S og ^{34}S geta hjálpað til við að rekja uppruna brennisteinsins í straumvötnunum. ^{32}S er algengasta stöðuga samsæta brennisteins, eða um 95% brennisteins á yfirborði jarðar og hefur massann 32. Um 4,2% brennisteins hefur massann 34. Hlutföllin eru gefin upp í prómill ($\delta^{34}\text{S}/^{32}\text{S} \text{ ‰}$) miðað við hlutföllin í Canon Diabolo-loftsteininum. Hlutföll samsætnanna er um 20‰ í sjó, um 2‰ í basalti, en ef brennisteinn er upprunninn í súlfíðum eins og hveragasi (H_2S), eða súlfíðsteindum (FeS), þá eru hlutföllin lægri en í basalti og jafnvel neikvæð. Ef brennisteinninn er að uppruna fyrst og fremst frá basalti og sjó, þ.e. sjávarættaður brennisteinn í úrkomu ættu hlutföll brennisteinsins að vera vera á milli 2‰ og 20‰. Hlutföll $\delta^{34}\text{S}/^{32}\text{S}$ í snjó á Langjökli sem er blandanda af sjávarúða og hnattrænni mengun er um 13‰.

Vegna fjarlægðar frá sjó hefði mátt búast við að Jökulsá á Fjöllum og Dal hefðu minnst af sjávarættuðum brennisteini og þar af leiðandi gildi sem væri nálægt basaltgildinu (2‰) en Fjarðará sem er næst sjó, gildi sem var næst sjávargildinu (20‰). Þetta gengur eftir eins og sjá má í Töflu 1, nema hvað Jökulsá í Fljótsdal og Grímsá og þar af leiðandi Lagrarfljót hafa lægra hlutfall en nágrannar hans, sitt hvoru megin. Á þessum vatnasviðum er mikið af súru bergi og verður lágt $\delta^{34}\text{S}/^{32}\text{S}$ hlutfall helst skýrt með því að drjúgur hluti

brennisteinsins sé ættaður frá veðrun súlfíða sem tengjast súra berginu. Veðrun súlfíða í súrefnisríku umhverfi veldur tímabundinni súrnun vatns og getur það skýrt hlutfallslega háan styrk Fe og Mn í Jökulsá í Fljótsdal og Grímsá.

Það má sjá glögglega hvenær snjóbráðin kemur inn í allar árnar nema Lagarfljót að vori (Töflur 5-11). $\delta^{34}\text{S}/^{32}\text{S}$ hlutfallið hækkar snarlega og er hægt að tímasetja og leggja mat á áhrif vorsnjóbráðar í ánum. Cl er einnig að mestu ættað úr úrkomu en ekki er hægt að nota styrk Cl sem mælikvarða á snjóbráðina því styrkurinn minnkar með auknu rennsli.

Styrkur Cl var mestur í Fjarðará, en minnstur í Jökulsá á Dal, Jökulsá í Fljótsdal og Fellsá. Uppruna Cl má rekja að mestu til úrkomu, en ef jarðhitavatn blandast í straumvatnið er hluti Cl ættaður úr bergi eins og eflaust á við um Jökulsá á Fjöllum. Enn fremur getur hluti Cl í straumvötnum verið til kominn vegna athafna mannsins. Cl í úrkomu er ættaður úr sjó. Straumvötn, sem renna af vatnsviðum í mikilli hæð og langt frá sjó, hafa minnstan styrk klórs.

Styrkur flúors, F, breyttist reglulega eftir vatnasviðum frá vestri til austurs. Hann var mestur vestast, í gosbeltinu á vatnasviði Jökulsár á Fjöllum (Tafla 1), og minnkaði til austurs á vatnasviðunum. Styrkur F í Grímsá skeykir þessa landfræðilegu dreifingu lítillega, en styrkur F í straumvötnum sem renna af súru bergi er hærri en í þeim, sem renna af basalti (Andri Stefánsson og Sigurður R. Gíslason 2001). Styrkur flúors var minnstur í Fjarðará. Ekki var hægt að greina afgerandi breytingu í styrk F í Jökulsá á Fjöllum skömmu eftir gosið í Heklu seinast í febrúar 2000 (Tafla 5b).

Lagt var mat á heildarstyrk uppleystra efna (TDS) með tvennum hætti. 1. Með því að leggja saman mældan styrk uppleystra aðalefna (jafna 3 í aðferðakafla) $\text{TDS}_{\text{reiknað}}$. 2. $\text{TDS}_{\text{mælt}}$, sem var mælt með þurreimingu. Í því felst í að aurburðarsýni er síað í gegn um $0,45 \mu\text{m}$ síu og 200 ml af síaða sýninu þurrkað við 100°C yfir nótt. Uppgufunarsteindirnar eru geymdar í desiccator yfir nótt og því næst vegnar. $\text{TDS}_{\text{mælt}}$ er alltaf minna en $\text{TDS}_{\text{reiknað}}$ og er mismunurinn mestur fyrir sýni með mestan styrk af uppleystu ólífrænu kolefni, sem er sýnt sem CO_2 í Töflum 1 til 11b. Við uppgufunina mettast vatnið fyrst miðað við kalsít og MgSi-steindir. Þegar allt Mg og Ca er fallið út með þessum steindum vex styrkur HCO_3 eins og styrkur annarra efnasambanda í vatninu við uppgufunina. Það leiðir til þess að styrkur CO_2 vex og tapast að hluta til andrúmslofts. Við frekari uppgufun falla úr Na og K karbónöt og loks Cl sölt (Eugster 1970, Jones o.fl. 1977 og Hardy og Eugster 1970).

Uppleyst lífrænt kolefni, (Dissolved Organic Carbon, DOC) var í mestum styrk í Jökulsá á Dal og Jökulsá á Fljótsdal og því næst Lagarfljóti við Lagarfoss (Tafla 1). Í öðrum straumvötnum var uppleyst lífrænt kolefni við greiningarmörk, $0,2 \text{ mg/kg}$. Það var greinileg aukning í Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal þegar voraði í apríl, maí og júní (Tafla 1, 6a,bog 7a,b). Styrkur uppleysts lífræns kolefnis var ofan greiningarmarka, $0,2 \text{ mg/kg}$, og jafn allt árið um kring í Lagarfljóti við Lagarfoss. Hann óx þó aðeins í júní á sama tíma og styrkurinn var hvað mestur í Jökulsá í Fljótsdal við Hól. Miðað við ómengduð

straumvötn á jörðinni er styrkur lífræns kolefnis lágur í straumvötnum á Austurlandi. Styrkurinn er um 1 mg/kg í fjöllóttu „alpaumhverfi“ en er um 20 mg/kg í straumvötnum sem renna af taigu. Meðalstyrkur DOC í straumvötnum er um 5,75 mg/kg (Maybeck 1982). Styrkur DOC í jarðvegsvatni í 40 cm dýpi í nágrenni Grundartanga í Hvalfirði var 1 til 20 mg/kg (Sigurður R. Gíslason o.fl. 1999). Lítil styrkur DOC í straumvötnum á Austurlandi getur stafað af takmörkuðu lífrænu efni, sem er að brotna niður á vatnasviðum straumvatnanna. Einnig er hraði niðurbrot lífræns efnis lítill við hlutfallslega lágan meðalhita. Enn fremur er líklegt að lífrænt efni sem losnar ofarlega í jarðvegi vegna niðurbrots lífrænna efna falli út neðar í jarðveginum með leirsteindum þegar pH-gildi jarðvegs hækkar í öskulögum í jarðveginum. En mikið er af öskulögum í jarðvegi í þessum landshluta.

Styrkur lífræns kolefnis í aurburði straumvatna (Particle Organic Carbon; POC) var mestur í Jökulsá í Fljótsdal, þá Jökulsá á Dal, Grímsá, Lagarfljóti, Fjarðará, Jökulsá á Fjöllum og hann var minnstur í Fellsá. Styrkur POC er frá 0,5% til 40% af styrk aurburðar, lífræns og ólífræns í straumvötnum á jörðinni, og rennslisvegið meðaltal er um 1% en flestar ár bera fram um 1,6% til 6% lífrænt efni í aurburði (Maybeck 1982). Í straumvötnum á Austurlandi er hlutfall lífræns efnis í aurburði (POC/svifaur) um 3% í dragánum Fellsá, Grímsá og Fjarðará og fellur síðan snarlega í jökulánum frá austri til vesturs eftir því sem gróður og jarðvegur minnkar á vatnasviðunum; Jökulsá í Fljótsdal 0,19%, Jökulsá á Dal 0,11%, og Jökulsá á Fjöllum 0,02% (Tafla 1). Hlutfall uppleysts lífræns kolefnis og heildarmagn lífræns kolefnis (DOC/(DOC + POC)) í straumvötnum á jörðinni er frá 10% til 90%, með meðaltal um 60% en mun lægri hlutföll eru ráðandi þar sem aflrænt rof jarðvegs er mikið. Þetta hlutfall er hæst í Fellsá, 57% en lægst í Jökulsá í Fljótsdal, 39% (Tafla 1).

Styrkur niturs, N, í lífrænum aurburði straumvatna (PON), var mestur í Jökulsá í Fljótsdal, <35 $\mu\text{g}/\text{kg}$, og Lagarfljóti við Lagarfoss, 32 $\mu\text{g}/\text{kg}$, en styrkurinn var minnstur í Fellsá, <7 $\mu\text{g}/\text{kg}$ (Tafla 1). Hlutfall C/N í lífrænum aurburði straumvatna getur sagt til um uppruna lífræna aurburðarins. Hlutfallið er að meðaltali 6,7 í þörungum í sjó og ferskvatni, 121 í plöntum á landi og hlutfallið er að meðaltali 21 í lífrænum leifum í jarðvegi á Jörðinni (Likens o.fl. 1981). Hlutfall C/N var 24 í trjálaufi og 25 í skógarbotni í Hubbard Brook í Bandaríkjunum (Likens o.fl. 1981). Hlutfall C og N er yfirleitt frá 8 til 10 í lífrænum aurburði straumvatna á jörðinni. Eins og sjá má í Töflu 1 er C/N hlutfallið lægst í Lagarfljóti, 14, en það er hæst í Fellsá, Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Dal. Hlutföllin eru breytileg eftir árstíma og má sjá áhrif vatnaþörunga á hlutfallið yfir sumartímann í flestum straumvatnanna, þ.e. hlutfallið lækkar í átt til 6,7. Yfir vetrartímann vex hlutfallslegur styrkur C, þ.e. hlutfall jarðvegs og plöntuleifa. Þörungahlutföllin eru þó ríkjandi allt árið um kring í Jökulsá við Lagarfoss en þó mest yfir sumartímann.

Styrkur uppleysta ólífræna næringarefnisins orthófosfats, PO_4 (dissolved inorganic phosphorous, DIP) og heildarmagn uppleysts fosfórs P_{total} (total dissolved phosphorous,

TDP) breytist reglulega eftir vatnasviðum frá vestri til austurs. Hann var mestur vestast, í gosbeltinu á vatnasviði Jökulsár á Fjöllum (Tafla 1; Eydís S. Eiríksdóttir 1999) og minnkaði eftir því sem austar dró. Hann var lægstur í dragánum Grímsá og Fjarðará. Styrkurinn breytist með árstíðum. Hann var mestur í skammdeginu en minnstur yfir hásumarið. Uppleystur fosfór í straumvötnum á Austurlandi er að mestu ólífrænn, DIP (dissolved inorganic P) Það er erfitt að meta lífræna hlutann í straumvötnum austast á svæðinu þar sem heildarstyrkur fosfórs er lágur en hann er um og innan við 10% í jökulánum. Styrkur uppleysts ólífræns P (DIP eða PO_4 -P) er lægri í dragánum en að meðaltali í ómengduðum straumvötnum á jörðinni, en styrkurinn er meiri en heimsmeðaltalið í Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Dal (Tafla 1). Ástæðan fyrir því hve styrkur lífræna P (DOP) er lítill er líklega að hluta sú sama og fyrir lágum styrk uppleysts lífræns kolefnis (DOC). Lífrænt P sem losnar við niðurbrot lífræns efnis ofarlega í jarðvegi binst þegar jarðvegsvatnið hripar niður að öskulögum, þar hækkar pH jarðvegsvatnsins, lífrænt kolefni og járnhydroxíð falla út. En járnhydroxíðin geta bundið fosfórinn með því að soga hann á yfirborð sitt. Hins vegar er uppleyst lífrænt N (DON, dissolved organic N) sem losnar við niðurbrot lífrænna leifa ofarlega í jarðvegi, hreyfanlegra í jarðveginum en lífræna kolefnið og lífræni fosfórinn (DOC og DOP) vegna þess að það fellur engin steind út sem bindur lífrænt N. Hlutfall DIN og DON í jökulánum er svipað heimsmeðaltalinu en hlutfallslegur styrkur lífræna N er aðeins meiri í dragánum á Austurlandi en heimsmeðaltalið (Tafla 1).

Heildarstyrkur uppleysta næringarefnisins niturs (N_{total} eða total dissolved N, TDN) og nitrats, NO_3 , var breytilegur eftir vatnsföllum og breyttist með árstíðum. Hann var mestur í Jökulsá á Dal og Fellsá, minnstur í Grímsá en svipaður í öðrum straumvötnum. Styrkurinn var mestur í öllum straumvötnunum í skammdeginu en minnstur yfir sumartímenn. Styrkur næringarefnisins ammóníums, NH_4 , og nítríts, NO_2 , var lítill (Tafla 1) og nærri greiningarmörkum í öllum straumvötnunum ($2,8 \mu\text{g}/\text{k}$ og $0,56 \mu\text{g}/\text{kg}$; Tafla 12). Styrkur ammóníums var mestur í Jökulsá á Fjöllum og Fjarðará. Heildarstyrkur uppleysts niturs, N_{total} er samanlagður styrkur uppleysts lífræns niturs, DON (dissolved organic N) og uppleyst ólífræns niturs, DIN (dissolved inorganic N). Öfugt við fosfórinn er styrkur uppleysta lífræna N meiri en hins ólífræna (Tafla 1). Hlutfall DIN og DON er hæst í jökulánum en lægst í dragánum og Jökulsá við Lagarfoss.

Styrkur Al var mestur í Jökulsá á Fjöllum og minnkaði til austurs nema hvað hann var aðeins hærri í Grímsá en Fellsá. Styrkur Al var alltaf mun lægri en sá styrkur sem talinn er hættulegur vatnafiskum, $>200 \mu\text{g}/\text{kg}$ (Gensemer og Playle 1999), og hann var töluvert minni en heimsmeðaltalið, $50 \mu\text{g}/\text{kg}$. Styrkur Fe, Mn, Sr og Ba var mestur í Jökulsá í Fljótssdal og Grímsá en á vatnasviði þeirra er töluvert af súru bergi og eins og rakið var áður benda brennisteinssamsætur til veðrunar súlfíðsteinda sem geta valdið tímabundinni sýringu

sem losar þá um málma eins og Fe og Mn. Styrkur Mo var mestur í Jökulsá á Fjöllum og minnkaði til austurs nema hvað hann var hlutfallslega mikill í Jökulsá í Fljótsdal og Grímsá, sem renna að hluta um súrt berg. Styrkur kadmíums, Cd og kvikasilfurs, Hg, var alltaf lítil og oftast nærri greiningarmörkum, 3 og 2 ng/kg (Tafla 12). Styrkur kadmíums var meiri yfir vetrartímamann í flestum vatnsföllum en hann var mestur um vorið í Leginum.

Efnasamsetning aurburðarins í jökulánum er sýnd í Töflum 14 og 15. Eftir er að mæla styrk ýmissa snefilefna í völdum sýnum. Aurburðurinn í Jökulsá í Fljótsdal er kísilríkastur og í þá Jökulsá á Fjöllum, Jökulsá á Dal og aurburður Lagarfljóts er kísilsnauðastur þrátt fyrir hlutfallslega mikið súrt berg á vatnasviði þveráa hennar, Jökulsár í Fljótsdal og Grímsár (Tafla 15). Rennsli þessara þveráa er um 60% til 70% af rennsli Lagarfljóts. Hámarksstyrkur kísils í jökulvötnunum er oftast yfir sumartímamann sem bendir til þess að kísilþörungur gætu verið mælanlegur hluti aurburðarins. Styrkur K, P og Ba er áberandi meiri í Jökulsá í Fljótsdal og Lagarfljóti en á Fjöllum og á Dal. Og styrkur Zn og Sr er mestur í í aurburði Lagarfljóts. Aurburðurinn er mest fínkornóttur í Lagarfljóti og ætti þar af leiðandi að vera mest veðraður. Við veðrun basaltglers sitja efni eins og Ti, Al og Fe eftir, kísill situr eftir að hluta, en efni eins og Na og K skolast tiltölulega auðveldlega út. Það er því undarlegt hve styrkur Si er lítil í aurburði Lagarfljóts. Til þess að leggja mat á veðrunarstig aurburðarins þarf að skilgreina vegna meðalefnasamsetninu upprunalega bergsins og verður það gert síðar með hjálp snefilefna sem sitja eftir við veðrunina (Ti, Zr, Th, Nd; Louvat 1997).

Yfirborðsflatarmál aurburðarsýna, sem tekin voru rétt undir yfirborði megináls straumvatnanna (2. mynd), er sýnt í Töflu 16. Mælt var úr jökulánum í ágúst 1999 og svo aftur í ágúst 2000 og Jökulsá á Dal frá ágúst 1999 til og með ágúst 2000. Yfirborðsflatarmál aurburðarins í Jökulsá í Fljótsdal var mest bæði árin, 64 m²/g og 38 m²/g, og það var hlutfallslega lítið í Jökulsá á Fjöllum, 13 m²/g og 11 m²/g. Yfirborðsflatarmál aurburðar í Lagarfljóti var lítið í ágúst 1999, eða 11 m²/g og það var minna en í Jökulsá í Fljótsdal bæði árin. Yfirborðsflatarmál aurburðarins í Jökulsá á Dal var mest í desember 1999.

Yfirborðsflatarmál gruggsins í Grímsvatnahlaupinu 1996 var 19 m²/g í fyrri hluta hlaupsins og það var 12 m²/g þegar það var í hámarki (Matthildur B. Stefánsdóttir 1999). Yfirborðsflatarmál járnhýdroxíða getur verið allt að 200 m²/g, leirsteinda um 100 m²/g og yfirborðsflatarmál basaltglers, 40-120 μm í þvermál, er um 1 m²/g. Hægt er að nota yfirborðsflatarmálið til þess að áætla hámark t.d. PO₄ eða Mn sem er ásogað á yfirborðið. Ef við gerum ráð fyrir að yfirborðsflatarmálið sé 10 m²/g, gæti að hámarki 10 mg af PO₄ verið ásogað á hvert gramm gruggs, eða 5 mg af Mn. Þessi ásoguðu efni geta síðan losnað af grugginu þegar það kemur í sjó.

ÞAKKARORÐ

Ingvi Gunnarsson, Svanur Pálsson, Jórunn Harðardóttir, Kristján H. Sigurðsson, Matthildur B. Stefánsdóttir og Bergur Sigfússon hafa tekið þátt í þessum rannsóknum. Þessum aðilum viljum við þakka vel unnin störf. Landsvirkjun, Hollustuvernd og Auðlindadeild Orkustofnunar kostuðu rannsóknina og fulltrúar þessara stofnanna hafa sýnt verkefninu mikinn áhuga og stuðning. Sérstaklega viljum við þakka Sigmundi Freysteinssyni, Hugrúnu Gunnarsdóttur, Ragnheiði Ólafsdóttir og Helga Bjarnasyni frá Landsvirkjun. Frá Hollustuvernd, Helga Jenssyni og Davíð Egilssyni og frá Auðlindadeild Orkustofnunar, Hákonni Aðalsteinssyni og Freysteini Sigurðssyni.

HEIMILDIR

- Andri Stefánsson og Sigurður Reynir Gíslason 2001. Chemical wathering of basalt, SW Iceland: Effects of rock crystallinity, weathering minerals and vegetative cover on chemical fluxes to the ocean. *American Journal of Science* (í prentun).
- Anna María Ágústsdóttir og Susan L. Brantley, 1994. Volatile fluxes integrated over four decades at Grímsvötn, *Journal of Geophysical Research*, 99 (B5), 9505-9522.
- AMAP 1997. Arctic Pollution Issues: A State of the Arctic Environment Report. Arctic Monitoring and Assessment Programme, Oslo, Norway, 188 bls.
